

Nafn leigjanda: \_\_\_\_\_ Fastanúmer bifreiðar: \_\_\_\_\_ kt:  
\_\_\_\_\_ GSM: \_\_\_\_\_

## Leigusamningur

Fastanúmer Ferðavagns \_\_\_\_\_

Leigutímabil: Frá \_\_\_\_\_ 2024 til \_\_\_\_\_ 2024

- **Ferðavagnar**

1. Ferðavagninn er leigður með aukabúnaði (Leigutaki þarf sjálfur að sjá um að fylla gas á kúttinn). Leigutaki þarf að leggja til sængur/svefnpoka og annan almennan útilegubúnað.
2. Leigutaki ber ábyrgð á vagninum og búnaði hans, og skuldbindur leigutaki sig til að bæta það tjón sem verða kann á vagninum á meðan á leigutíma stendur. Ábyrgð leigutaka fellur ekki niður fyrr en leigusali hefur mótttekið vagninn á umsömdum skilátíma.
3. Leigutaki þarf að framvísa greiðslukorti hjá Víkuverk ehf. sem tryggingu komi til þess að vagninn skemmist í umsjá leigutaka.
4. Leigutaki skuldbindur sig til að ganga vel um vagninn og skila honum HREINUM á umsömdum stað og tíma. Sé vagninum ekki skilað hreinum skal leigutaki greiða þrífagjald kr. 19.900.-
5. Óheimilt er að aka með ferðavagninn um vegleysur, óbrúaðar ár, vegtroðninga, snjóskafli, ís eða aðrar vegleysur. Við þær aðstæður fellur kaskótrygging vagnsins niður, og hugsanlegt tjón þá að öllu leiti á ábyrgð leigutaka.
6. Vagninn er kaskótryggður fyrir tjóni sem verða kann á vagninum sjálfum, sjálfsábyrgð er kr. 100.000,- sem leigutaki greiðir í hverju tjóni. Leigutaki getur keypt hjá leigusala viðbótartryggingu sem nær yfir sjálfsábyrgðina.
7. Leigutaka er óheimilt að lána eða framleigja vagninn á leigutíma.
8. Ökutæki þarf að hafa viðurkenndan tengibúnað fyrir ferðavagninn.
9. Reykingar og allt dýrahald eru með öllu bannað í ferðavagninum.
10. Leiðbeiningar um notkun eru í tjaldevagninum og er leigutaka skylt að fara eftir þeim.
11. Hafi leigutaki einhverjar kvartanir fram að færa varðandi vagninn skal hann koma þeim á framfæri við leigusala við upphaf leigutíma og til viðkomandi félags, og gefa leigusala færi á að gera úrbætur.

Leigutaki kaupir tryggingu á kr. 7.900 vegna sjálfsábyrgðar á kaskótryggingu. Kreditkortanúmer til tryggingar á skemmdum sem leigutaki kann að valda og tryggingar bæta ekki af einhverjum ástæðum: \_\_\_\_\_, gildistími: \_\_\_\_\_

Tjaldvagninn/ Ferðavagninn skal sóttur að Víkurhvarf 6 á fimmtudögum milli kl. 13:00 og 15:00, og skal honum skilað á sama stað HREINUM á miðvikudögum fyrir kl. 15:00 (einnig er hægt að skila vögnum á mánu- og þriðjudögum á opnunartíma.) Óheimilt er með öllu að skilja vagnin eftir við aðstöðu leigusala á öðrum tíma en á auglýstum opnunartíma.

**VAGNINUM SKAL SKILAÐ HREINUM Á RÉTTUM SKILATÍMA ANNARS REIKNAST ÞRÍFAGJALD KR. 19.900,-**

\_\_\_\_\_  
Undirskrift leigutaka

\_\_\_\_\_  
Fyrir hönd